



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 16. ágúst 2016

1512119 SH


**Efni: Búnaðar- og áhaldakaup 2016 (tækjakaupasjóður)**

Erindi hefur borist frá skólastjórnendum grunnskólana á Akranesi vegna búnaðar- og áhaldakaupa. Óskað er eftir fjárveitingu til kaupa á tölvum, spjaldtölvum og skjávörpum fyrir Brekkubæjarskóla og Grundaskóla. Hluti af þessum búnaði skólanna er ekki til eða kominn til ára sinna og þarf að endurnýja. Með áherslu á tækni og nýjungar í skólastarfi þarf að viðhalda slíkum búnaði og endurnýja. Samræmd könnunar eru á áætlun á skólaárinu eins og þau fyrri en verða nú í fyrsta skiptið lögð fyrir rafrænt. Skólarnir þurfa einnig að bregðast við því verkefni með endurnýjun og breytingum á búnaði.

Skólastjórnendur óskuðu eftir fjárveitingu að upphæð 1,8 milljónir króna á hvorn skóla.

Mælt er með að veitur verði kr. 2.500.000 styrkur til búnaðar- og áhaldakaupa til grunnskólanna. Í samtali við skólastjórnendur kom fram þetta er sú upphæð sem þarf til að gera brugðist við stöðunni eins og hún er í dag og kaupa eða endurnýja það sem er brýnast.

Virðingarfyllst,

  
Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu